

Nd.

561. Nefndarálit

[180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir svo um meginverkefni ríkisstjórnarinnar: „Ríkisstjórnin mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál.“

Frumvarp þetta svo og fjárlög og aðrar aðgerðir núv. ríkisstjórnar í fjármálum og peningamálum virðast fara alveg á svig við öll framangreind atriði, sem ríkisstjórnin taldi í upphafi vera meginverkefni sín. Ríkisstjórnin lagði aldrei til atlögu við verðbólguna. Þvert á móti er boginn spenntur til hins itrasta í eyðslufjárlögum og nú í þessum lánsfjárlögum. Verðlagsforsendur fjárlaga og lánsfjárlaga eru rangar svo skiptir sköpum. Í stað 30% verðbólguvaxtar blasir við 50% að lágmarki og ber öllum útreikningum saman um það. Stórkostleg hættu er á ferðum að verðbólgan komist í áður óþekktar hæðir er líða tekur á árið. Um kauplagsforsendur verður engu spáð eins og sakir standa, en mjög mikil óvissa er ríkjandi, enda allir kjarasamningar lausir. Á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin með skattaherferð sinni á hendur almenningi stórspillt fyrir því, að kyrrð og jafnvægi verði á vinnumarkaði, og engan skilning sýnt á samráði við aðila, jafnvel þótt lög mæli svo fyrir um.

Að einu leyti er stefna núverandi ríkisstjórnar óhvikul og markviss. Allar aðgerðir hennar stefna að stórauðnum ríkisafskiptum á öllum sviðum. Þetta frv. er skýrasta dæmið um þá stefnu. Um leið og framkvæmdir hins opinbera eru stóruauknar er sorfið svo að lánamarkaði atvinnuveganna að þeim mun halda við stöðvun er líða tekur á árið.

Undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins flytja brtt. við frv. þetta á sérstöku þskj.

Alþingi, 17. maí 1980.

Sverrir Hermannsson,  
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Albert Guðmundsson.